

Atvinnumálanefnd: Axel Ingi Viðarsson, Árni Eiríksson, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Ragnheiður Hrafnkelsdóttir, Auður Ósk Vilhjálmsdóttir, Einar Bjarnason, Berglind Sigurðardóttir, Birkir Arnar Tómasson.

Ferðamálastefna Suðurlands

Ársþing SASS 2016 leggur til að samræmd ferðamálastefna fyrir Suðurland verði unnin og horft verði til þrískiptingu svæðisins, sbr. niðurstöður markaðsgreiningar Markaðsstofu Suðurlands. Mikilvægt er að SASS styðji við vinnu Stjórnstöðvar ferðamála við gerð stefnumarkandi stjórnunaráætlana (DMP) fyrir Suðurland.

Nefndin leggur áherslu á að tekjuöflun sveitarfélaganna af ferðamönnum verði skoðuð í heild sinni og unnin verði tillaga til ríkisins um réttmæta skiptingu tekna til að mæta þörf fyrir uppbyggingu í landshlutanum. Kallað er eftir samstöðu Sunnlenskra sveitarfélaga varðandi áherslur og framtíðarfyrirkomulag á tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga af ferðamönnum.

Ferðaþjónustan reynir á þolmörk íbúa sem er hættumerki og þarf að taka utan um á öllu Suðurlandi. Styðja þarf við nærsamfélagið og vinna að því að mæta þörf fyrir starfsmenn og þar með íbúa á svæðinu til að mæta þörfum greinarinnar. Þar eru húsnæðismál megin forsenda þess að ferðaþjónusta geti vaxið og dafnað á Suðurlandi.

Nýsköpun

Ársþing SASS leggur áherslu á að stuðningur verði aukið við nýsköpun og frumkvöðlafræði með kynningu á grunnhugmyndum nýsköpunarfræða. Þá er mikilvægt að styðja við nýsköpun hverskonar, í matvælaframleiðslu, hönnun og öðru sem styrkir og styður við smáframleiðendur á Suðurlandi. Tryggja þarf samtal milli menntastofnanna og atvinnulífs.

Afhendingaröryggi raforku

Tryggja verður afhendingaröryggi rafmagns á Suðurlandi og einnig verður að tryggja þriggja fasa rafmagn á öllu svæðinu hið fyrsta, þessir þættir eru báðir forsendur fyrir uppbyggingu byggðar og atvinnu á Suðurlandi.

Háhraðatenging

Ársþing SASS skorar á stjórnvöld að skapa þau skilyrði sem þarf til þess að hægt sé að ljúka ljósleiðaravæðingu innan allra sveitarfélaga á starfssvæði sambandsins. Háhraðatengingar eru forsenda byggðar og atvinnu í dreifðari byggðum.

Hafnarmál

Ársþing SASS skorar á stjórnvöld að tryggja nægjanlegt fjármagn til viðhalds og uppbyggingar hafna á starfssvæði sambandsins.